



Súðavíkurhreppur

## Eftirfarandi fyrirkomulag á móttöku og gjaldskrá gildir fyrir Sorpmóttökuna við Njarðarbraut frá 1. janúar 2013.

### Hámarks farmstærð:

er 2 m<sup>3</sup> fyrir alla viðskiptavinum. Ef um meira magn er að ræða skal fara með það í Funa á Ísafirði.

### Opnunartími:

Þriðjudaga frá kl. 15:00 til 18:00 eða eftir nánari samkomulagi við starfsmann áhaldahúss.

Einnig er opið á laugardögum milli kl. 11:00 til 13:00 frá 1. júní til 31. ágúst ár hvert.

### Hvað ber að greiða:

**Atvinnurekstur** greiðir fyrir allan úrgang að undanskildum málmum/járni og þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslugjald, s.s. hjólbarða, bylgjupappa og plastumbúðir.

*(Undanskildir gjaldtöku eru þeir atvinnurekendur sem greiða sín sorpgjöld með árlegum fasteignagjöldum samkvæmt flokkun á sorpmagni.)*

**Almenningur** greiðir ekki fyrir málma/járn eða úrgang sem getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur en greiðir neðangreint gjald vegna

- úrgangs frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis og lóða.
- úrgangs frá bifreiðaviðgerðum.
- úrgangs vegna húsdýrahalds.

### Móttökugjöld fyrir einstaka farma:

Móttökugjöld verða að lágmarki kr. 500 fyrir allt að 0,25 m<sup>3</sup> og kr. 500 fyrir hvern 0,25 m<sup>3</sup> umfram það.

### Innheimta gjalda:

Boðið er upp á að gjöld vegna sorpmóttöku verði reiknisfært og innheimt með greiðsluseðli á þriggja mánaða fresti eða staðgreitt með reiðufé við móttöku.

Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps